

Rangárþing eystra
Guðmundur Úlfar Gíslason
Austurvegi 4
860 Hvolsvöllur

Reykjavík, 28. apríl 2021
UST202104-141/B.S.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag - breyting – Ráðagerði. Frekari umsögn

Við gerð umsagnar um ofangreint mál dags. 26. apríl sl. gleymdist að fjalla um eftirfarandi atriði því svo virðist að umrætt framkvæmdasvæði sé innan svæðis á náttúruminjaskrá nr. 719. „Tjarnir og Tjarnanes, V-Eyjafallahreppi, Rangárvallasýslu. (1) Að austan liggja mörk svæðisins um Markarfljót og að vestan um Ála. (2) Gróður og dýralíf. Mólendi og votlendi, mikið fuglavarp.“

Ef framkvæmdarsvæðið er innan svæðis á náttúruminjaskrá gilda eftirfarandi greinar úr náttúruverndarlögum fyrir hið verndaða svæði:

Svæði sem eru á C hluta eru svæði sem ástæða þykir til að fríðlýsa eða fríða. Í 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 segir í 3 og 4. málsgrein: „[Forðast ber að raska svæðum eða náttúrumyndunum sem skráðar hafa verið á C-hluta náttúruminjaskrár nema almannahagsmunir krefjist þess og annarra kosta hafi verið leitað.] 1) Skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki, vegna framkvæmda sem hafa í för með sér slíka röskun. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefndar nema fyrir liggi staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag þar sem umsagnir skv. 1. og 2. mgr. 68. gr. liggja fyrir. Við afgreiðslu umsókna um leyfi skal gæta ákvæða 4.–6. mgr. [61. gr.] 1)

Sýna skal sérstaka aðgæslu gagnvart vistgerðum, vistkerfum og tegundum á C-hluta náttúruminjaskrár til að koma í veg fyrir að náttúruleg útbreiðslusvæði eða búsvæði minnki og verndarstaða þeirra versni.“

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Magnús Freyr Sigurkarlsson
Sérfræðingur
